

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	23.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Martina Stefani
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar samráðsfund og kynningarfund.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið seinna eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Vettvangsheimsókn
3. Gýmir
4. Lyktarkvartanir
5. Baggarannsókn Sorpu (fulltrúi frá Teymi loftslagsmála og loftgæða UST)
6. Önnur mál

Vegna COVID19 var eftirlitið tvískipt, vettvangsheimsókn fór fram föstudaginn 20. nóvember og fjárfundur var haldinn með rekstraraðila mánudaginn 23. nóvember.

Tekin var staðan á starfseminni. Í auglýsingu er nú endurnýjun á starfsleyfi urðunarstaðarins og þar gert ráð fyrir að magn úrgangs til urðunar minnki töluvert frá því sem nú er með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu sem opnuð var í ágúst sl. Urðað magn það sem af er ári 2020 var rétt tæp 95.000 tonn.

Í vettvangsheimsókn voru aðstæður í urðunarrein skoðaðar, staðan tekin á Gými, steinefnahaug og í sigvatnsþró. Urðunarreinin er nú upb full en nokkuð er eftir af rými til að byggja ofan á reinina eins og leyfilegt er samkvæmt skipulagi. Gýmir hefur verið tekinn úr notkun og unnið er að frágangi við gryfjuna. Eftir standa hús og tæki sem nýtt voru við vinnsluferlið og eru uppi áætlanir hjá rekstraraðila um niðurrif þeirra. Úrgangur sem áður fór í Gými er nú urðaður tímabundið í sér gryfju meðan unnið er að því að koma upp búnaði fyrir slíkan úrgang við gas- og jarðgerðarstöð. Urðunarstaðurinn var að öðru leyti skipulagður og snyrtilegur.

Fjölmargar lyktarkvartanir hafa komið upp nú á haustmánuðum. Fram kom að lyktaruppsprettur væru í urðunarrein og í Gými. Nokkur lykt hefði myndast við frágang á Gými, en þar var urðaður lyktarsterkur úrgangur, komist hefði verið fyrir þá lyktaruppsprettu með yfirlagi blönduðu af jarðvegi og timburkurli. Lyktaruppsprettur í urðunarrein væru helst vegna þess hve hratt niðurbrot væri í urðunarreininni og sprungumyndunar í haugnum meðfram veggjum urðunarreinarinnar. Fram kom að rekstraraðili hefði brugðist við með auknu yfirlagi og timburkurli, sérstaklega á þeim stöðum sem sprungumyndun væri hröð.

Rætt var um baggarannsókn Sorpu og fram kom að hún hefði ekki farið fram nú í ár en slíkt stæði til.

Einnig var rætt um að samráðsfundur og kynningarfundur hefðu ekki farið fram í ár, en það er skylt skv. gr. 1.9 í starfsleyfi. Fram kom að rekstraraðili hygðist vinna í málinu.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að samráðsfundur og kynningarfundur hefði ekki farið fram í ár líkt og skylt væri skv. gr. 1.9 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir